

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Hvalfirði



Dags eftirlits	11.12.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason	Staðsetning	381456,135	435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi við eftirlitið. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðablöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Allir 11 geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2012.

Gufuendurnýtingartæki er í stöðinni og var það yfirfarið í sumar og mælur kvarðaðir. Tækið er tölvutengt og símæling á losun gufa til andrúmslofts. Reglugerð nr. 252/1999 kveður á um að losun gufa frá geymslu á bensíni skuli ekki fara yfir 35 g/Nm³/klst. Á síðastliðnu ári fór gufulosun frá stöðinni mest í 2 g/Nm³/klst. Stöðin var tóm þegar komið var í eftirlit, utan slatta af bensíni sem hafður er í stöðinni til þess að hægt sé að keyra gufuendurnýtingartækið.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

Þrjár olíuskiljur eru í stöðinni. Allar hafa verið þjónustaðar á liðnu ári en þar sem ekki hefur orðið mengunaráhapp í stöðinni og undantöppun fer ekki fram er lítið álag á olíuskiljurnar.

Beintengt myndavélkerfi er í stöðinni. Myndavélakerfi, girðingar og hlið voru í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 18.12.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.